

REGLUR um sérstakan húsnæðisstuðning hjá Dalvíkurbyggð

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Tilgangur/Markmið.

Sérstakur húsnæðisstuðningur er ætlaður þeim fjölskyldum og einstaklingum sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði eða eru með íþyngjandi húsnæðiskostnað sökum lágra tekna, lítilla eigna, þungrar framfærslubyrði og annarra félagslegra erfiðleika. Aðstæður umsækjenda eru metnar út frá ákveðnum viðmiðum.

Sérstakur húsnæðisstuðningur er fjárstuðningur til greiðslu húsaleigu í félagslegu húsnæði eða á almennum markaði umfram húsnæðisbætur.

2. gr.

Lagagrundvöllur.

Sérstakur húsnæðisstuðningur er veittur á grundvelli 45. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og byggist á meginreglum þeirra laga. Ákvörðun um sérstakan húsnæðisstuðning er því tekin á grundvelli mats, sem tekur til tekna og eigna, framfærslubyrði og félagslegra aðstæðna, sbr. 1. gr.

Sérstakur húsnæðisstuðningur er til greiðslu á húsaleigu til viðbótar almennum húsnæðisbótum sbr. lög nr. 75/2016. Þær skal ávallt veita í samhengi við félagslega ráðgjöf sbr. V. kafla laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og eftir atvikum í samhengi við fjárhagsaðstoð til framfærslu í samræmi við lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, að teknu tilliti til heimildar reglna sveitarfélagsins um fjárhagsaðstoð.

Markmið félagslegrar ráðgjafar er að veita upplýsingar og leiðbeiningar um félagsleg réttindamál annarsvegar og stuðning vegna félags- og persónulegs vanda hins vegar.

II. Umsókn og skilyrði fyrir greiðslu sérstaks húsnæðisstuðnings.

3. gr.

Skilgreiningar.

Sérstakur húsnæðisstuðningur: Fjárstuðningur til greiðslu á húsaleigu til viðbótar húsnæðisbótum sem veittar eru á grundvelli laga um húsnæðisbætur nr. 75/2016.

Húsnæðisbætur: Mánaðarlegar greiðslur til lækkunar á húsnæðiskostnaði efnaminni leigjenda íbúðarhúsnæðis hér á landi.

Húsnæðiskostnaður: Sá hluti fjárhæðar sem greiddur er samkvæmt samningi um leiguafnot af húsnæði. Aðrar greiðslur og kostnaðarþættir sem leigjanda ber að greiða samkvæmt samningi eða lögum, svo sem fyrir hita, vatn, rafmagn, hússjóð, viðhald o.fl., teljast ekki til húsnæðiskostnaðar.

4. gr.

Umsóknir

Umsóknir skulu berast rafrænt inn á íbúagátt Dalvíkurbyggðar. Við umsókn veitir umsækjandi og aðrir heimilismenn, 18 ára og eldri, sveitarfélaginu heimild til að afla þeirra upplýsinga frá opinberum aðilum eða öðrum sem nauðsynlegt er til að hægt sé að taka afstöðu til umsóknar.

Hafi umbeðin gögn ekki borist 45 dögum frá umsóknardegi um sérstakan húsnæðisstuðning synjað. Þetta gildir þó ekki í þeim tilvikum ef töf á skilum á gögnum má rekja til annarra aðila en umsækjanda.

Skilyrði fyrir því að umsókn sé metin gild:

1. Umsækjandi skal eiga lögheimili í sveitarfélaginu. Húsnæði skal vera í Dalvíkurbyggð nema um sé að ræða húsnæði fyrir 15-17 ára námsmenn fjarri heimabyggð. Fyrir skal liggja staðfestur húsnæðissamningur.
2. Umsækjendur skulu verða orðnir 18 ára.
3. Umsækjandi skal hafa fengið samþykka umsókn um húsnæðisbætur á grundvelli laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur.
4. Félagshag staða umsækjanda og fjölskyldu hans skal metin samkvæmt matsviðmiði. Umsækjandi skal uppfylla að lágmarki 5 stig á matskvarða (sjá fylgiskjal).
5. Samanlagðar tekjur umsækjanda og annarra heimilismanna, 18 ára og eldri, á síðastliðnu ári skulu vera undir efri mörkum skv. viðmiðum 7. gr. reglna þessara.
6. Umsækjandi fær sent skriflegt svar þar sem fram kemur hvernig umsókn hans hafi verið metin.

III. Kafli

Fjárhæð og greiðsla sérstaks húsnæðisstuðnings

5. gr.

Fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings.

Sérstakur húsnæðisstuðningur er reiknaður sem ákveðið hlutfall af húsnæðisbótum þannig að fyrir hverjar kr. 1.000 fær leigjandi að hámarki kr. 900 í sérstakan húsnæðisstuðning. Þó geta húsnæðisbætur og sérstakur húsnæðisstuðningur aldrei numið hærri fjárhæð en samtals kr. 90.000 á mánuði né farið yfir 75% af leigufjárhæð.

Ekki er greiddur sérstakur húsnæðisstuðningur þegar húsnæðiskostnaður að frádregnum húsnæðisbótum er 50.000 kr. eða lægri.

6. gr.

Fjárhæðir vegna mats á áhrifum tekna.

Við útreikning sérstaks húsnæðisstuðnings skal miða neðangreind tekjumörk við fjölda heimilismanna. Tekjur undir neðri tekjumörkum skerða ekki rétt til sérstaks húsnæðisstuðnings. Sérstakur húsnæðisstuðningur fellur niður við efri tekjumörk í hverju tilfelli en skerðist hlutfallslega upp að því marki.

Fjöldi heimilismanna	Neðri tekjumörk á ári	Efri tekjumörk á ári	Neðri tekjumörk á mánuði	Efri tekjumörk á mánuði
1	4.940.697	6.175.872	411.725	514.656
2	6.534.470	8.168.088	544.539	680.675
3	7.650.112	9.562.639	637.509	796.887
4 eða fleiri	8.287.620	10.359.524	690.634	863.293

7. gr.

Fjárhæð vegna mats á áhrifum eigna.

Við útreikning sérstaks húsnæðisstuðnings er tekið mið af eignum umsækjanda og annarra heimilismanna. Samanlagðar eignir skulu ekki nema hærri fjárhæð en 7.336.805 kr. í lok næstliðins árs.

IV. Kafli

Sérstakur húsnæðisstuðningur vegna 15-17 ára ungmenna

8. gr.

Húsnæðisstuðningur til foreldra eða forsjáradila 15-17 ára barna sem leigja herbergi á heimavist eða námsgörðum vegna náms fjarri lögheimili.

Dalvíkurbyggð veitir foreldrum og forsjáradilum barna á aldrinum 15-17 ára sem leigja herbergi, íbúð, eða eru á heimavist/námsgörðum fjarri lögheimili, húsnæðisstuðning.

Húsnæðisstuðningurinn er óháður tekjum og eignum foreldra eða forsjáradila ungmennanna. Stuðningurinn skal nema (50%) af húsnæðiskostnaði vegna leigunnar en getur aldrei orðið hærri en 30.000 krónur á mánuði.

Skila þarf inn umsóknum í gegnum íbúagátt Dalvíkurbyggðar.

Með umsókn skal fylgja vottorð frá viðkomandi menntastofnun sem staðfestir nám umsækjanda og húsaleigusamningar.

Umsókn skal berast fyrir 15. þess mánaðar sem greitt er fyrir, ekki er greitt aftur í tímann. Hætti umsækjandi að leigja fyrr en leigusamningur segir til um, eða verði breyting á leiguupphæð ber að tilkynna það til félagsþjónustunnar.

Ákvæði 3.-7. gr. reglna þessara gilda ekki um sérstakan húsnæðisstuðning vegna 15-17 ára barna.

Afgreiða skal umsókn eins fljótt og unnt er eftir að hún berst og skal niðurstaða kynnt umsækjanda. Sé umsókn hafnað skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til ákvæða þessara reglna. Jafnframt skal umsækjanda kynntur réttur hans til málskots.

Segi umsækjandi upp leigu eða breyting verði á leigugreiðslu ber að tilkynna það til Félagsþjónustu Dalvíkurbyggðar.

V Kafli

Umsóknir og málsmeðferð.

9. gr.

Auglýsingar.

Dalvíkurbyggð auglýsir eftir umsóknum um sérstakan húsnæðisstuðning einu sinni á ári. Í auglýsingu skulu koma fram helstu atriði reglna sveitarfélagsins um sérstakan húsnæðisstuðning. Á öðrum tíma er þó alltaf hægt að skila inn umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning.

10. gr.

Umsókn og ákvörðunartaka.

Félagspjónusta Dalvíkurbyggðar annast móttöku og afgreiðslu umsókna um sérstakan húsnæðisstuðning.

Umsækjandi og aðrir heimilismenn, 18 ára og eldri, veita félagspjónustunni eftir þörfum heimild til að afla upplýsinga frá opinberum aðilum, svo sem Vinnumálastofnun, skattyfirvöldum, Þjóðskrá Íslands, Lánasjóði íslenskra námsmanna og sýslumönnum. Sama gildir um heimild til að afla upplýsinga frá öðrum aðilum, svo sem viðurkenndum menntastofnunum innan hins almenna menntakerfis og leigusölum íbúðarhúsnæðis, sem nauðsynlegar eru við afgreiðslu umsóknar. Hið sama á við um öflun nauðsynlegra upplýsinga frá sambærilegum aðilum erlendis þegar við á. Starfsmaður félagspjónustunnar metur þörf fyrir sérstakan húsnæðisstuðning og skal slíkt mat fara fram þann mánuð sem sótt er um. Starfsmaður félagspjónustu afgreiðir umsóknir i umboði félagsmálaráðs. Náist ekki niðurstaða um afgreiðslu máls eða ef um álitamál er að ræða sem reglur ná ekki yfir þá skal leggja málið fyrir félagsmálaráðs.

Félagsmálastjóra er alltaf heimilt að vísa ákvörðun sinni til félagsmálaráðs til fullnaðarafgreiðslu, sérstaklega ef ætla má að aðili muni ekki vilja sæta niðurstöðu hans.

Félagsmálaráð hefur eftirlit með ákvörðunum og kallar reglulega eftir skýringum og upplýsingum um ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli þeirra.

11. gr.

Málsmeðferð.

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning hefur borist. Meðferð máls skal vera skv. ákvæðum XVI. og XVII. kafla laga um félagspjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og ákvæði laga um húsnæðisbætur nr. 75/2016.

12. gr.

Umsóknir og endurnýjun umsókna.

Sótt er um sérstakan húsnæðisstuðning rafrænt á mínum síðum hjá Dalvíkurbyggð. Tilskilin gögn skulu fylgja umsókn. Endurnýja skal umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning að jafnaði á árs fresti. Við endurnýjun umsóknar ber að kanna hvort skilyrði og viðmið séu uppfyllt vegna áframhaldandi stuðnings.

13.gr.

Breytingar á aðstæðum umsækjanda og endurskoðun greiðslna.

Umsækjandi skal upplýsa félagspjónustuna um breytingar sem verða á aðstæðum hans og högum sem áhrif kunna að hafa á fyrirliggjandi mat á þörf á sérstökum húsnæðisstuðningi.

Ef skilyrðum er ekki lengur fullnægt er heimilt að stöðva greiðslur sérstaks húsnæðisstuðnings. Heimilt er að endurkrefja handhafa sérstaks húsnæðisstuðnings um greiddar bætur, komi í ljós að hann hafi leynt upplýsingum um framangreindar breytingar.

Sérstakur húsnæðisstuðningur sem veittur er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hálfu umsækjanda er endurkræfur með sama hætti og gildir um fjárhagsaðstoð, sbr. 23. gr. laga um félagspjónustu sveitarfélaga.

Ef sannreynt er við meðferð máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar á meðan notanda er gefið tækifæri á að leiðrétta eða bæta úr annmörkum.

14. gr.

Leiðrétting á sérstökum húsnæðisstuðningi

Hafi fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings verið hærri en umsækjandi átti rétt til á tilteknu tímabili ber honum að endurgreiða þá fjárhæð sem ofgreidd var. Hafi fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings verið lægri en umsækjandi átti rétt til á tilteknu tímabili ber félagsþjónustunni að greiða þá fjárhæð sem vangreidd var.

15. gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum.

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

16. gr.

Niðurstaða og rökstuðningur synjunar.

Kynna skal niðurstöðu umsóknar svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til viðeigandi ákvæða þessara reglna, ásamt skriflegum upplýsingum um rétt til áfrýjunar til félagsmálaráðs, skv. 18. gr. reglnanna. Umsækjanda skal og kynntur málskotsréttur til úrskurðarnefndar velferðarmála skv. 19. gr. reglnanna, sé hann ósáttur við úrskurð félagsmálaráðs.

Fái umsækjandi sérstakan húsnæðisstuðning, skal gildistíma hans getið í svarbréfi, ásamt möguleika umsækjanda til að sækja um áframhaldandi stuðning. Auk þess skal vísað til 17. gr. reglnanna í svarbréfum til umsækjenda um sérstakan húsnæðisstuðning.

17. gr.

Áfrýjun.

Telji umsækjandi á rétt sinn hallað skv. reglum þessum er honum heimilt að vísa ákvörðun um afgreiðslu sérstaks húsnæðisstuðnings til félagsmálaráðs innan fjögurra vikna frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Félagsmálaráð skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

18. gr.

Málskot.

Umsækjandi getur skotið ákvörðun fjölskylduráðs til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun félagsmálaráðs.



19. gr.

Endurskoðun.

Rétt til sérstaks húsnæðisstuðnings má endurskoða hvenær sem er og endurreikna fjárhæð hans þannig að upphæð greiðslu verði í samræmi við þær breytingar sem orðið hafa á aðstæðum umsækjanda og/eða annarra heimilismanna.

20. gr.

Endurskoðun á reglum þessum.

Reglur þessar skulu endurskoðaðar eigi sjaldnar en árlega og uppfæra skal eigna- og tekjumörk skv. leiðbeiningum frá félags- og vinnumarkaðsráðuneyti jafnóðum og þær berast.

Samþykkt í félagsmálaráði 14.nóvember 2023

Samþykkt í sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar 28.nóvember 2023



Fylgiskjal

Matsviðmið fyrir sérstakan húsnæðisstuðning.

Nafn: _____ Kennitala: _____

Dagsetning: _____ Stigafjöldi: _____

Við úthlutun sérstaks húsnæðisstuðnings er leitast við að veita umsækjanda ráðgjöf við að bæta fjárhagsstöðu sína. Umsækjandi þarf að fá 5 stig eða fleiri á matsviðmiði þessu:

Staða umsækjanda.

- Staða umsækjanda er önnur en getið er hér að neðan. 0 stig.
- Örorulífeyrisþegi með 75% örorkumat. 2 stig.
- Ellilífeyrisþegi. 2 stig.
- Framfærsla hjá félagsþjónustu, Vinnumálastofnun eða TR vegna endurhæfingar. 2 stig.

Húsnæðisstaða.

- Er með húsnæði. Húsaleiga er minna en 20% af heildartekjum heimilisins. 0 stig.
- Er með húsnæði. Húsnæðiskostnaður er íþyngjandi, húsaleiga er meira en 20% af heildartekjum heimilisins. 1 stig.
- Er með húsnæði. Húsnæðiskostnaður er verulega íþyngjandi, húsaleiga er meira en 30% af heildartekjum heimilisins. 2 stig.
- Heilsuspillandi húsnæði samkvæmt mati heilbrigðiseftirlits eða húsnæði er sannanlega óíbúðarhæft af öðrum ástæðum og veruleg vandkvæði eru bundin við að finna nýtt húsnæði. 4 stig.

Félagslegar aðstæður umsækjanda.

- Aðstæður umsækjanda eru betri en getið er hér að neðan. 0 stig.
- Umsækjandi glímir við félagslegan vanda og hefur fengið umfangsmikinn stuðning félagsþjónustu, annan en fjárhagslegan, á undanförunum 12 mánuðum. 2 stig.
- Mismunur á mánaðarlegri innkomu og útgjöldum er neikvæður og umsækjandi nær ekki endum saman. 2 stig.
- Málefni barns umsækjanda hefur verið í umfangsmikilli vinnslu félagsþjónustu á undanförunum 24 mánuðum þar sem barnið hefur fengið bæði aðstoð á grundvelli skóla- og félagsþjónustu eða mál þess verið til meðferðar hjá barnavernd á undanförunum 24 mánuðum. 4 stig.
- Umsækjandi glímir við fjölþættan vanda og hefur fengið umfangsmikinn stuðning félagsþjónustu, annan en fjárhagslegan, í að lágmarki 24 mánuði. 4 stig.



Félagsmálasvið



- Umsækjandi glímir við alvarleg langvinn veikindi sem hafa veruleg áhrif á fjárhags- og húsnæðisstöðu samkvæmt faglegu mati starfsmanns félagsþjónustunnar. 4 stig.